

## **Landbótasjóður 2013**

### **Ársskýrsla 2013**



## **Landgræðsla ríkisins 2014**

### **Lr 2014/14**





# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: Lr 2014/14

Dagsetning: 4.4.2014

Fjöld blaðsíðna:

7

Eintök:

Dreifing:

Opin

Heiti:

Landbótasjóður 2013. Ársskýrsla 2013

Höfundur:

Guðmundur Stefánsson

Verkefnisstjóri:

Guðmundur Stefánsson

Ljósmyndir

Garðar Þorfinnsson og Sigprúður Jónsdóttir

Unnið fyrir:

Landgræðslu ríkisins

Samstarfsaðilar:

Útdráttur:

Landbótasjóður Landgræðslunnar úthlutar árlega styrkjum til verkefna sem snúa að stöðvun jarðvegsrofs, endurheimt jarðvegs, gróðurs og votlendis, binding kolefnis og sjálfbærri landnýtingu. Árið 2013 bárust sjóðnum 69 umsóknir en 52 hlutu styrki. Alls var úthlutað 31,6 mkr. og í lok árs hafði sjóðurinn greitt út 31,6 mkr. Heildarkostnaður við rekstur sjóðsins árið 2013 að meðtöldum styrkjum nam 37,5 mkr., þar af námu styrkir 31,6 mkr. eða 84,3%.

**Efnisorð:** Landbótasjóður, jarðvegsrof, gróður, jarðvegur, endurheimt, uppgæðsla, votlendi, sjálfbærni, landnýting, kolefnisbinding, áburður, landbótaáætlanir, gæðastýring, Landssamtök sauðfjárbænda.

## Inngangur

Landbótasjóður Landgræðslunnar er sjóður á vegum Landgræðslu ríkisins sem leggur honum til fé til úthlutunar, auk þess sem aðrir aðilar geta lagt sjóðnum til fjármuni. Landgræðsla ríkisins úthlutar árlega styrkjum úr sjóðnum, en tilgangur þeirra er að veita landeigendum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna og færa jafnframt ábyrgð og framkvæmd landgræðsluverkefna heim í héruð. Upphæð einstakra styrkja getur numið allt að 2/3 hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, en þó ekki meiru en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni.

Árlega er auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og við ákvörðun um styrkveitingar er einkum lögð áhersla á eftirfarandi:

- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar
- Endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis.
- Að landnýting verði sjálfbær.
- Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Einstök verkefni geta hlotið styrk til allt að fimm ára, enda fylgi umsókn tímasett kostnaðar- og verkáætlun. Við mat umsókna er lögð áhersla á að umsækjandi hafi gert bindandi landbótaáætlun til a.m.k. 3ja ára.

## Umsóknir

Alls bárust Landbótasjóði 69 umsóknir fyrir árið 2013, en árið 2012 voru umsóknir 66 og 62 árið 2011. Yfirlit yfir fjölda umsókn árin 2007-2013 er í töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi umsókna í Landbótasjóð 2007-2013.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi umsókna	68	80	71	70	62	66	69
Veittir styrkir	49	60	60	61	56	59	52
Synjað	19	20	9	9	6	7	17

Eftir að umsóknarferli var breytt árið 2010 metur sjóðurinn sjálfur kostnað þeirra verkefna sem sótt er um til á grundvelli upplýsinga í umsóknum og staðalkostnaðar sem útreiknaður er af Landgræðslunni. Með þessu er kostnaður verkefna reiknaður eins fyrir alla umsækjendur, og unnt er að gæta meira gagnsæis og jafnræðis milli umsækjenda en með því fyrirkomulagi sem áður var. Við úthlutun styrkja úr Landbótasjóði er nánast gerð krafa um að umsóknum fylgi landbótaáætlun og árið 2013 hlaut engin



Dreift úr heyi á Hrunamannafrétti

umsókn styrk án þess að landbótaáætlun fylgdi. Í samræmi við vinnulag sem tekið var upp árið 2010 er gerður ákveðinn greinarmunur á umsóknum sem studdar eru landbótaáætlun eftir því hvort þær væru liður í gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu eða ekki. Miðað við reiknaða kostnaðaráætlun voru úthlutunarhlutföll árið 2012 sem hér segir:

Umsóknir með landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjarrækt	60%
Umsóknir með landbótaáætlun	45%

## Fjármögnun

Í Landbótasjóði voru til ráðstöfunar árið 2013 **33 mkr.** líkt og árið 2012. Landgræðslan lagði sjóðnum til 27,5 mkr árið 2013, en Landsamtök sauðfjorbænda 5,5 mkr. skv. samningi sem gerður var við samtökin árið 2010, en samningurinn gildir fram til ársins 2014. Ljóst er að ráðstöfunarfé Landbótasjóðs hefur á undanförunum árum rýrnað verulega m.v. almenna verðlagsþróun, en þó sérstaklega ef miðað er við þróun áburðarverðs. Yfirlit um ráðstöfunarfé Landbótasjóðs árin 1997-2013 er í töflu 2.

**Tafla 2. Ráðstöfunarfé Landbótasjóðs 2007-2013 (þús. kr.)**

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Verðlag hvers árs	25.000	26.000	21.000	32.000	32.500	33.000	33.000
2007=100	100	104	84	128	130	132	132
Vístala neysluverðs	25.000	23.127	16.679	24.115	23.551	22.734	21.885
2007=100	100	93	67	96	94	91	88
Vísitala áburðar	25.000	9.573	6.554	14.948	11.037	10.512	11.408
2007=100	100	38	26	60	44	42	46

## Úthlutun

Landbótasjóður hefur undanfarin ár lagt mikla áherslu á að styrkja landbótaverkefni sem tengjast gæðastýringu í sauðfjarrækt og svo var einnig árið 2013. Gert var ráð fyrir að 22,1 mkr. rynni til verkefna þar sem unnið er eftir samþykktum landbóta- og landnýtingaráætlunum tengdum gæðastýringu í sauðfjarrækt. Þetta eru tæp 70% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Í töflu 3 er yfirlit yfir skiptingu ráðstöfunarfjár sjóðsins.

**Tafla 3. Skipting ráðstöfunarfjár Landbótasjóðs árið 2013.**

	Fjöldi umsókna	Styrkur mkr.	Meðalst. þús. kr.	Af heild %
Umsóknir með landbótaáætlun vegna gæðastýringar í sauðfjárframleiðslu	23	22,1	961	69,9
Aðrar umsóknir með landbótaáætlun	28	9,5	338	30,1
<b>Samtals</b>	<b>51</b>	<b>31,6</b>	<b>0</b>	<b>100,0</b>

Alls var því gert ráð fyrir að veittir yrðu styrkir til 51 aðila að upphæð alls **31,6 mkr.** Í viðauka 1 er yfirlit yfir úthlutun árið 2013.

Í lok árs 2013 höfðu verið greiddir út styrkir að upphæð alls 31,6 mkr.

## Framtíð Landbótasjóðs

Með Landbótasjóði er opin leið til að virkja landnotendur til landgræðslustarfa, auka þekkingu og

reynslu þeirra og skýra ábyrgð hvers og eins á varðveislu og eflingu landkosta. Því miður hefur framkvæmdageta þess fjármagns sem veitt hefur veið úr sjóðnum dregist saman ár frá ári. Þetta má rekja til mikillar hækkunar á áburðarverði, en verð á tilbúnum áburði hefur hækkað um nærri 190% á sl. 6 árum. Niðurskurður í fjárveitingum til Landgræðslunnar hefur svo valdið því að ekki hefur verið unnt að auka fjárfrahlög til sjóðsins sem þó er full



Unnið að uppgræðslu rofabarðs í landi Næfurholts á Rangárvöllum.

þörf á. Landssamtök sauðfjárbænda hafa undanfarin ár lagt sjóðnum árlega til myndarlegt fjárfrahlög og má færa fram rök fyrir því að það frahlög hefur riðið baggamuninn í starfsemi sjóðsins. Því miður eru ekki horfur á að frahlög hins opinbera hækki til neinna muna í fyrirsjáanlegri framtíð, en engu að síður er mjög mikilvægt að halda því landgræðslustarfi áfram sem hundruð bænda og landeigenda vinna nú að, m.a. með tilstyrk Landbótasjóðs. Því verður að leita allra leiða til að efla sjóðinn fjárhagslega og auga getu hans til stuðnings landgræðslustarfs í landinu.

## Kostnaður við rekstur Landbótasjóðs árið 2013

Í töflu 4 er yfirlit yfir heildarkostnað við rekstur Landbótasjóðs árið 2013.

**Tafla 4. Heildarkostnaður við Landbótasjóð Landgræðslunnar árið 2013.**

	Kr.	%
Styrkir til bænda og landeigenda	31.620.000	84,4
Laun og launtengd gjöld	2.366.450	6,3
Bifreiðakostnaður	373.626	1,0
Auglýsingar	50.000	0,1
Kostnaður á héraðssetrum	1.183.225	3,2
Umsjón, bókhald o.fl.	1.863.140	5,0
<b>Samtals</b>	<b>37.456.441</b>	<b>100,0</b>



# Landgræðsla ríkisins

## Úthlutun styrkja úr Landbótasjóði 2013

Verkefni	Umsækjandi	Sveitarfélag	Kr.
Uppgræðsla á nokkrum jörðum við Fagraskógarfjall	Afr.málafélag Hrófbjargarstaðafjalls	Snæfellsbær	125.000
Uppgræðsla ógróins lands milli Hellisands og Rifs	Skógr.- og landg.félag undir Jökli	Snæfellsbær	100.000
Uppgræðsla ofan Grensborgar á Goðdalafjalli	Lionsklúbbur Skagafjarðar	Skagafjörður	500.000
Uppgræðsla flagmóa á jörðinni Þróm	Eyþór Einarsson	Skagafjörður	300.000
Uppgræðsla mela og flagmóa og friðun og endurheimt votlendis í Ásgarði	Sveinn Ragnarsson	Skagafjörður	175.000
Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla á Leirdalsheiði	Grýtubakkahreppur	Grýtubakkahreppur	450.000
Uppgræðsla rofabarða á heiðinni milli Svartárkots og Víðikers	Páll Kjartansson	Pingeyjarsveit	125.000
Uppgræðsla mela og rofabarða við Íshólsvatn á Vesturafrétti Fnjóskdæla	Pingeyjarsveit	Pingeyjarsveit	700.000
Uppgræðsla við Grjót og svæði við Réttartorfu á austurafrétti Bárðdæla	Svartárkotsbúið	Pingeyjarsveit	600.000
Uppgræðsla með gor á Hólasandi og í Húsvíkurlandi	Norðenska	Norðurþing/Pingeyjarsveit	175.000
Uppgræðsla mela í landi Skarðaborgar og Einarstaða á Reykjaheiði	Sigurður Á. Þórarinnsson	Norðurþing	800.000
Uppgræðsla rofabarða í landi Gautlanda í austanverðu Sandfelli	Félagsbúið Gautlöndum	Skútustaðahreppur	100.000
Uppgræðsla á austurafrétti Mývetninga og í Gæsafjöllum	Skútustaðahreppur	Skútustaðahreppur	1.800.000
Uppgræðsluverkefni austan Húsvíkurfjalls	Norðurþing	Norðurþing	850.000
Uppgræðsla og gróðurstyrking á Mánárheiði og við Gyðuhnjúk	Búnaðarfélag Tjörnesinga	Tjörneshreppur	650.000
Uppgræðsla mela og rofabarða í landi Ferjubakka, Bjarnastaða og Smjörhóls	Gunnar Jóhannsson	Norðurþing	650.000
Uppgræðsla mela og rofabarða á Stórasi í landi Bjarnastaða	Halldór S. Olgeirsson	Norðurþing	175.000
Uppgræðsla mela og rofabarða við gömlu Hafursstaði	Jón H. Guðmundsson	Norðurþing	400.000
Uppgræðsla mela og rofabarða í landi Austaralands	Austaraland ehf	Norðurþing	675.000
Uppgræðsla mela við Hvammagil og austur með Öxarnúpum í landi Þverár	Benedikt Kristjánsson	Norðurþing	225.000
Uppgræðsla mela austan Sandfells í landi Sandfellshaga	Félagsbúið Sandfellshaga	Norðurþing	400.000
Uppgræðsla mela og gróðurstyrking á landi við Axlir í landi Sandfellshaga	Urðir ehf.	Norðurþing	275.000
Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla á Öxarfjarðarheiði	Landgr.félag Öxarfjarðarhrepps	Norðurþing	3.000.000
Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla mela og rofabarða við Grjótfjöll	Gunnar Einarsson	Norðurþing	550.000
Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla mela í Valbjófsstaðafjalli	Björn Halldórsson	Norðurþing	250.000
Stöðvun jarðvegsrofs og styrking gróðurs í Súlnafjallgarði	Landgr.félag Svalbarðshrepps	Svalbarðshreppur	550.000
Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla mela á Dals- og Hvammsheiði	Landgr.félag Svalbarðshrepps	Svalbarðshreppur	750.000
Uppgræðsla mela, moldarflaga og flagmóa í landi Brekknakots	Haraldur Páll Guðmundsson	Svalbarðshreppur	200.000
Uppgræðsla mela og rofabarða í landi Kálffells og Arnarvatns á Vopnafj.heiði	Uppr. og landb.fél. Vopnafjarðar	Vopnafjarðarhreppur	1.150.000
Uppgræðsla mela og rofabarða í landi Burstarfells á Vopnafjarðarheiði	Burstarfellsbúið ehf	Vopnafjarðarhreppur	200.000

Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla við Búfell í landi Hauksstaða	Friðbjörn H. Guðmundsson	Vopnafjarðarhreppur	250.000
Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla á melum á Efri-Brún í landi Fremri-Hlíðar	Valur Guðmundsson	Vopnafjarðarhreppur	225.000
Uppgræðsluverkefni á Jökuldal og Jökuldalsheiði	Landgræðslufélag Héraðsbúa	Fljótshérað	1.200.000
Gróðurstyrking á landi austan Hólmsár í landi Bakka, Borgar og Nýpugarða	Sigurður Guðjónsson	Hornafjörður	400.000
Gróðurstyrking á landi austan Hólmsár í landi Bakka, Borgar og Nýpugarða	Nýpugarðar ehf.	Hornafjörður	400.000
Endurheimta fyrri landgæði á Skerjum, auka frjósem jarðvegs og mynda skjól	Landgræðslufélag Örfæinga	Hornafjörður	300.000
Gróðurstyrking við Geldingadal, Eintúnaháls, Leiðólfsvell og Mörtungusker	Fj.sk.deildir Austursíðu og Landbrots	Skaftárhreppur	800.000
Gróðurstyrking við Lambaskarðshóla, Þorsteinsgil og Álftavatnskrók	Fjallskilanevnd Skaftártungu	Skaftárhreppur	700.000
Uppgræðsla á Atleyjarmelum og Atleyjarmoldum á Álftaversafrétti	Búnaðarfélag Álftavers	Skaftárhreppur	900.000
Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla á afrétti í Almanningum	Búnaðarfélag Eyfellinga	Rangárþing eystra	250.000
Uppgræðsla við Tröllagjá og á Einhyrningsflötum á Fljótshlíðarafrétti	Uppgræðslufélag Fljótshlíðar	Rangárþing eystra	500.000
Uppgræðsla í Fosslandi og við Hafrafell og Kerlingafjall á Rangárvallafrétti	Fjallskilasjóður Rangárvallafréttar	Rangárþing ytra	1.200.000
Endurheimt gróðurs á Hvítavikri í Bolholtslandi á Rangárvöllum	Skógræktarfélag Rangæinga	Rangárþing ytra	100.000
Stöðvun skógareyðingar í Fyllingarholti í landi Næfurholts, austan Rangár	Ófeigur Ófeigsson	Rangárþing ytra	100.000
Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla við Valafell á Landmannafrétti	Fjallskiladeild Landmannafréttar	Holta- og Landssveit	1.200.000
Uppgræðsla á melum, moldum og rofabörðum við Köldukvísl og í Þóristungum	Ásahreppur	Ásahreppur	850.000
Uppgræðsla rofabarða, molda og vikra við Sandafell, Rauða og í Skúmstungum	Landbótafélag Gnúpverja	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	525.000
Stöðvun rofs og uppgræðsla víða á Hrunamannafrétti	Landgræðslufélag Hrunamanna	Hrunamannahreppur	1.550.000
Uppgræðsla mela og rofabarða víða á Biskupstungnafrétti	Landgr.fél. Biskupstungna	Bláskógabyggð	2.300.000
Stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðsla á Hlöðuvöllum á Laugardalsafrétti	Theodór Vilmundarson	Bláskógabyggð	450.000
Stöðvun rofs og uppgræðsla við Söðulhóla á Grímsnesafrétti	Grímsnes- og Grafningshreppur	Grímsnes- og Grafningshreppur	275.000
Endurheimt votlendis í landi Stokkseyrarsels	Ragnhildur Sigurðardóttir	Árborg	200.000
<b>Samtals úthlutað árið 2013</b>			<b>31.575.000</b>

